

AUGLÝSING**um staðfestingu á skipulagsuppdrætti af Þykkvabæ,
Djúpárhreppi í Rangárvallasýslu.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið hinn 13. maí 1969, staðfest skipulagsuppdrátt af Þykkvabæ, Djúpárhreppi í Rangárvallasýslu.

Félagsmálaráðuneytið, 23. maí 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 124.

27. maí 1969.

AUGLÝSING**um vinnumiðlun í Kaldrananeshreppi í Strandasýslu.**

Samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun, hefur félagsmálaráðherra ákveðið, að vinnumiðlun skuli starfrækt í Kaldrananeshreppi í Strandasýslu.

Um framkvæmd vinnumiðlunarinnar fer eftir lögum nr. 52/1956, um vinnumiðlun og reglugerð um vinnumiðlun nr. 130/1956.

Félagsmálaráðuneytið, 27. maí 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 125.

27. maí 1969.

AUGLÝSING**um að lög nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar,
skuli taka til Kaldrananeshrepps í Strandasýslu.**

Samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 29/1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið, að lög um atvinnuleysistryggingar skuli taka til Kaldrananeshrepps í Strandasýslu.

Félagsmálaráðuneytið, 27. maí 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.